

## Hagnýt ráð í kennslu - grunnskóli -

Mikilvægt er að ákveðinn aðili beri ábyrgð á þeim aðferðum sem reyndar eru hverju sinni og meti árangur útfrá fyrirfram ákveðnum markmiðum með viðeigandi skráningum og mælingum. Þó svo að ein aðferð virki ekki er afar mikilvægt að prófa aðrar leiðir og meta árangur. Viðeigandi tími til þess að meta árangur eru að lágmarki fjórar vikur, mæti barnið alltaf í skólann. Foreldrar þurfa að vera upplýstir um þær aðferðir sem verið er að reyna. Bestur árangur næst ef sömu eða svipaðar aðferðir eru notaðar í skóla og á heimili.

Nauðsynlegt er að kennarar kortleggi veik- og styrkleika barns, ræði áhyggjur sínar við foreldra og fái upplýsingar frá þeim. Skoða þarf hvar gengur vel og hvar gengur ekki eins vel, hvar vandi barns kemur helst fram og hvaða úrræði verða reynd í skólanum. Ef sami vandi er til staðar heima er mikilvægt að kennarar styðji foreldra til að finna aðferðir sem gætu gagnast á heimili.

Mikilvægast er að sem flest neðangreindra úrræða séu reynd áður en tilvísun til sérfræðiþjónustu berst. Við nánari útfærslu þessara aðferða er hægt að leita ráða hjá kennsluráðgjöfum skólaþjónustunnar.

✓	Hvað þarf að gera?	Hvernig gekk?
	Í stofunni eru skýr myndræn/rituð viðmið um hegðun og lögð er áhersla á æskilega hegðun.	
	Nota hegðunarmyndir einstaklingslega til að áréttu æskilega hegðun.	
	Styrkja markvisst æskilega hegðun með lýsandi hrósi.	
	Nemandi hefur sæti þar sem áreiti eru í lágmarki.	
	Nemandi hefur kost á því að sitja einn.	
	Í stofunni er rólegt, afmarkað svæði þar sem hægt er að vinna í næði.	
	Nemandi hefur kost á heyrnarhlífum þegar við á.	
	Nemandi þarf ekki að skipta reglulega um sæti þó að bekkjarfélagar geri það.	

✓	Hvað þarf að gera?	Hvernig gekk?
	Umhverfi skólastofunnar er skipulagt þannig að nemandi veit hvar námsgögn eru, hvar á að skila verkefnum o.fl.	
	Nemandi hefur einstaklingsmiðað sjónrænt skipulag varðandi skóladaginn og/eða einstaka kennslustundir.	
	Nemandi fær skýr og einföld fyrirmæli, skrifleg, munnleg eða myndræn.	
	Nemandi fær tækifæri til að vinna í stuttum vinnulotum þannig að hann sjái alltaf fram úr verkefnum.	
	Nemandi hefur kost á að velja fyrirfram ákveðin verkefni.	
	Verkefni eru miðuð að áhugasviði nemanda.	
	Nemandi hefur kost á hvíld/pásumiða.	
	Nemandi fær skýr tímaviðmið á verkefnum t.d. með tímavaka eða klukku.	
	Ef heimanám er fyrir hendi er mikilvægt að það sé aðlagð fyrir nemandann og sé aðgengilegt fyrir foreldra t.d. á Mentor.	
	Nemandi hefur kost á aukasetti af skólabókum inni á heimili.	
	Nemandi hefur kost á því að sinna námsmati í litlum hópi.	
	Skýrar afleiðingar eru þegar hegðun er ekki í samræmi við bekkjar- og/eða skólareglur.	
	Annað sem hefur verið reynt:	